

Fundur mannréttindaráðs Reykjavíkur með grasrótarsamtökum.

***Tillaga frá undirbúningshóp um opinn fund mannréttindaráðs með grasrótarsamtökum.
Fundurinn var haldinn 21.04.2015 og hann sátu Sabine Leskopf, Jóna Björg Sætran,
Anna Kristinsdóttir og Jóna Vigdís Kristindóttir***

Hugmyndin sem þróaðist á undirbúningsfundinum var að boða til fundar seint í ágúst með fulltrúum grasrótarsamtaka í Rvk til að rýna í endurskoðun mannréttindastefnunnar. Gert er ráð fyrir að drögum að endurskoðun stefnunnar ljúki í lok maí og þá yrðu drögin send til ákveðins hóps grasrótarsamtaka. Jóna Vigdís og Anna taka saman lista yfir grasrótarsamtök og velja t.d. 100 samtök sem eru að vinna með málefni sem tengjast beint vinnu í mannréttindaráði.

Þetta er talsvert mikil vinna og getur verið erfitt að velja tvö eða þrjú samtök sem fulltrúa viðkomandi hópa. Búast má við að þessi vinna taki all nokkurn tíma.

Drögin verða send grasrótarsamtökum. Með gögnunum er sent boð um að hver samtök geti sent tvo fulltrúa á fund okkar með grasrótarsamtökunum um drögin og lögð áhersla á að samtökin fari áður yfir gögnin og myndi sér skoðun á því hvað mætti betur fara hvað varðar málefni sem snerta viðkomandi samtök. Mikilvægt er að ítreka í bréfinu að fulltrúar samtakanna staðfesti þátttöku og gefi upp hverjir verða fulltrúar þeirra.

Gera má ráð fyrir um allt að 200 manns / fulltrúum á fundinn sem hentar best að halda á virkum degi kl. 17:30/ 18 - 20:00 eftir miðjan ágúst þegar grunnskólarnir eru byrjaðir á ný að loknu sumarleyfi. Tilvalið er að bjóða upp á léttu hressingu, t.d. súpu og brauð. Fundað verður í Ráðhúsinu, Tjarnarsalnum. Mannréttindastjóri mun athuga með lausar dagsetningar fyrir fundinn.

Lagt er til að fundurinn verði settur þannig upp að um 10 fulltrúar sitji saman við hvert "hringborð" og á hverju borði er svo fjallað í 15 - 20 mín. um eitt af málefnum mannréttindastefnunnar. Nauðsynlegt er að hafa bæði borðstjóra og ritara á hverju borði. Gert er ráð fyrir að þátttakendur sitji í sama hóp í um 20 mín og fari þá á annað borð til að taka þátt í umræðu um annað mál. Þegar sent er boð um þátttöku er gefinn kostur á að velja einn málaflokk til að sitja í en gert ráð fyrir að þátttakendur verði síðan settir í fleiri hópa.

Eftir fundinn er skoðað hvort einhver atriði voru oft endurtekin við hvert borð um sig og ef svo er þá skoðað hvort ætti að bæta því efni og athugasemdum inn í drögin að mannréttindastefnunni. Að því loknu eru drögin til allra ráðanna til umsagnar.

Þessari vinnu lýkur svo með því að haldinn er opinn fundur í Iðnó þar sem almenningi væri boðið að koma og tjá sig um drögin. Sá fundur gæti orðið í nóvember.

Jóna Björg Sætran
(fyrir hönd undirbúningshópsins.)